



# Menntaskólinn á Egilsstöðum

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Desember 2018

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Niðurstöður og ábendingar .....	3
3	Fjárveitingar og rekstur .....	4
3.1	Fjárveitingar .....	4
3.2	Rekstraráætlun.....	4
3.3	Niðurstaða.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
4.1	Inngangur .....	5
4.2	Umfjöllun .....	5
4.2.1	Launagjöld og starfsmannamál.....	5
4.2.2	Tekjur .....	5
4.2.3	Gjöld.....	5
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.1.1	Ferðakostnaður.....	7
5.1.2	Opinber innkaup .....	7
5.1.3	Innkaupakort.....	7
5.1.4	Virðisaukaskattur .....	7
5.2	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1	Tekjur .....	8
6.2	Laun og launatengd gjöld.....	8
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	9
6.4	Niðurstaða.....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	10
7.1	Eignir .....	10
7.1.1	Varanlegir rekstrarfjármunir.....	10
7.1.2	Ríkissjóður v. orlofsskuldbingar .....	10
7.1.3	Aðrar kröfur .....	11
7.1.4	Handbært fé.....	11
7.2	Eigið fé og skuldir .....	11
7.2.1	Höfuðstóll .....	11
7.2.2	Ógreidd laun, leiðrétting.....	11
7.2.3	Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	11
7.3	Niðurstaða.....	12
8	Önnur atriði .....	13
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	13
8.2	Lögfræðibréf .....	13
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	13
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	13

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið fjárhagsendurskoðun hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi Menntaskólans á Egilsstöðum og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga var ekki lokið við gerð ársreiknings Menntaskólans á Egilsstöðum, þegar endurskoðun fór fram. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi endanlegur ársreikningur. Stjórnendur skólans, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Menntaskólans á Egilsstöðum var síðast tekinn til skoðunar á árinu 2015 vegna ársins 2014.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum fyrir árið 2017 var í meginatriðum án athugasemda. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður:

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Rekstur var innan fjárveitinga árið 2017. Rekstraráætlanir voru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins.

### 2. Innra eftirlit

Greining og mat á innra eftirliti leiddi í ljós að ýmsir verkferlar sem stuðla að innra eftirliti bókhalds, fjármála og tölvumála eru fyrir hendi. Formlegir verkferlar liggja þó ekki fyrir útgefnir af skólanum og mælst er til þess að bætt verði úr því. Aðgreina þarf skráningu reikninga í fjárhagskerfið og greiðslu reikninga, þannig að tryggt verði að þessir tveir verkþættir séu ekki á sömu hendi.

### 3. Fylgni við lög og reglur

Bæta þarf verklag við uppgjör og umsýslu ferðareikninga. Þá er æskilegt að verklag við innkaup og notkun innkaupakorta verði skjalfest.

### 4. Rekstrarliðir

Ganga þarf frá ráðningarsamningum við þá starfsmenn þar sem samningur er annað hvort útrunninn eða hefur misfarist. Vinnustund eða annað tímaskráningarkerfi er ekki notað við skólann. Bent er á að æskilegt er að sem flestar stofnanir noti slík kerfi, sem hafa reynst vel. Vinnustund býður upp á ýmsa möguleika til vinnusparnaðar við launaskráningu auk utanumhalds um fjarvistarréttindi og viðveru.

### 5. Efnahagsliðir

Færa þarf bankareikninga og verðbréfaeign yfir á kennitölu vörslusjóðs, sem er lögaðili og hefur staðfesta skipulagsskrá. Skoða þarf hvort ekki má loka tveimur bankareikningum sem eru skráðir á kennitölu skólans en eru ekki lengur í notkun. Smásjóð þarf að skrá í bókhald skólans.

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Menntaskólans nam 470,5 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Til viðbótar voru 16,6 m.kr. launabætur og millifærslur af fjárlagaliðum 02-314 og 02-315 vegna námsleyfa og sérkennslu. Heildarfjárveitingar á árinu urðu því 487,1 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 468,8 m.kr. Tekjuafgangur varð því 18,3 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-37.700	-47.122	9.422	-52.004
Launagjöld	411.823	417.837	-6.014	397.728
Önnur rekstrargjöld	105.700	93.320	12.380	91.767
Eignakaup	7.305	4.600	2.705	2.922
Tilfærslur	0	178	-178	131
Samtals	487.128	468.812	18.316	440.545

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Menntaskólans á Egilsstöðum fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Meginfrávik frá rekstraráætlun voru á launalið en þau frávik rúmast innan viðbótarfjárveitinga á árinu.

### 3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur ársins 2017 nam 18,3 m.kr. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og frávikagreining er yfirfarin reglulega.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Greining og mat á innra eftirliti bendir til þess að innra eftirlit sé að nokkru leyti til staðar. Þó þarf að bæta skjölun verklagsreglna og koma á aðgreiningu starfa fyrir greiðslur og bókhald. Hafa þarf samráð við Fjársýslu ríkisins um greiðsluþjónustu, ef ekki er unnt að koma aðgreiningu við hjá skólanum. Skipurit er til fyrir skólann og fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir fjárhagsbókhald og launavinnslu.

#### 4.2.1 Launagjöld og starfsmannamál

Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn og skólameistari staðfestir ráðningu starfsmanns með undirritun sinni. Mannauðsstjóri sér um varðveislu gagna vegna ráðninga og breytinga á kjörum en fjármálastjóri sér um skráningu gagna í launakerfið. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum fer skólameistari yfir launaupplýsingar ásamt mannauðsstjóra og fjármálastjóra að lokinni launakeyrlu. Bæta þarf skjölun á breytingu á launakjörum og öðrum greiðslum vegna launavinnslu og samþykkja áður en fjármálastjóri skráir upplýsingar í launakerfið. Fjarvera kennara er skráð í Innu sem er upplýsingakerfi fyrir skóla.

#### 4.2.2 Tekjur

Nemendagjöld eru skráð og innheimt í tekjubókhaldskerfi ríkisins samkvæmt upplýsingum úr Innu og fjármálastjóri sér um framkvæmd álagningar. Fjármálastjóri sér síðan um útsendingu greiðsluseðla eftir atvikum. Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt er að gerð sé afstemming á milli þessara tveggja kerfa t.d. með því að nýta upplýsingar úr Innu um fjölda skráðra nemenda. Einnig þarf að skrá ítarlega tekjuferla fyrir aðrar tekjur, sem eru að miklu leyti staðgreiðslutekjur, sem ýmist er skilað með dagsuppgjörum frá ritara eða innborgunum á bankareikninga.

#### 4.2.3 Gjöld

Fjármálastjóri áframsendir rafræna reikninga, sem berast í viðskiptaskuldahluta fjárhagskerfisins, til skólameistara til lokasamþykktar. Skólameistari skrifar upp á þá reikninga sem berast á pappír og eru þeir færðir beint í aðalbók. Fjármálastjóri greiðir reikningana en hefur jafnframt með höndum skráningu í aðalbók, bæði tekjur og gjöld, ásamt afstemmingum

bankareikninga. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra eru innkaupakortareikningar skráðir beint í fjárhagsbókhaldið. Ríkisendurskoðun mælir með að reikningar sem berast á pappír séu skannaðir inn í viðskiptaskuldahluta fjárhagskerfisins til samþykktar. Með því er hægt að fá betri yfirsýn yfir alla reikninga.

### 4.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á eftirfarandi atriði varðandi innra eftirlit hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum:

- ✓ Skjala þarf verklagsreglur og skipulag innra eftirlitis.
- ✓ Æskilegt er að koma á afstemmingu á milli Innu og tekjubókhaldskerfis.
- ✓ Það veikir innra eftirlit ef ekki er til staðar verkaskipting á greiðslu og bókun reikninga.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við lög og reglur varðandi fjárreiður og bókhald. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins ekki fylgt. Bæta þarf vinnu við uppgjör til að tryggja rétta útreikninga og skil á viðeigandi gögnum. Hvorki eyðublað fyrir ferðaheimild er notuð né er ferðareikningi skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera.

#### 5.1.2 Opinber innkaup

Hvorki eru til skráðar verklagsreglur um innkaup hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum né skrifleg innkaupastefna. Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra fylgir skólinn reglum Ríkiskaupa um opinber innkaup og er allt keypt sem hægt er í gegnum útboð þar. Rammasamningar eru nýttir við ýmis innkaup. Ríkisendurskoðun leggur til að skólinn setji sér innkaupastefnu og skriflegar verklagsreglur um innkaup eftir atvikum.

#### 5.1.3 Innkaupakort

Menntaskólinn á Egilsstöðum nýtir innkaupakort og flugkort. Fimm starfsmenn skólans eru með innkaupakort en einungis tveir með flugkort. Ekki eru til staðar verklagsreglur um notkun kortanna. Ríkisendurskoðun leggur til að þeir sem fá slík kort undirriti reglur um notkun innkaupakorts við móttöku þar sem korthafi staðfestir ábyrgð sína sem handhafi kortsins.

#### 5.1.4 Virðisaukaskattur

Bókun og merking færslna reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færirst reglulega til eignar á viðskiptareikning skólans við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað sé en að Menntaskólinn á Egilsstöðum fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta. Þó bendir Ríkisendurskoðun á að:

- ✓ Bæta þarf verklag við uppgjör og umsýslu ferðareikninga.
- ✓ Æskilegt er að verklag við innkaup og notkun innkaupakorta verði skjalfest.



## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Tekjur Menntaskólans á Egilsstöðum árið 2017 námu 47,1 m.kr. og gjöld 515,9 m.kr. eins og fram kemur í neðangreindri töflu:

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
Tekjur:			
Seld þjónusta	283	431	-148
Vörusala	1.420	1.407	13
Aðrar tekjur	45.420	49.991	-4.571
Tekjur alls	47.123	51.829	-4.706
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	417.837	397.728	20.109
Annar rekstrarkostnaður	93.497	91.756	1.741
Afskriftir	4.600	2.922	1.677
Gjöld alls	515.934	492.406	23.528

### 6.1 Tekjur

Tekjur námu 47,1 m.kr. sem er lækkun um 4,7 m.kr. frá fyrra ári. Stærsti tekjuliðurinn, aðrar tekjur eru að mestu leyti tekjur af kostnaðarhlutdeild, húsaleiga og innritunargjöld. Seld þjónusta og vörusala eru ýmist færðar í gegnum tekjubókhald eða beint í fjárhagsbókhaldið. Það sama á við um aðrar tekjur nema þegar kemur að innritunargjöldum. Þá eru upplýsingar um nemendur stofnaðar í Innu og fluttar í tekjubókhaldskerfi ríkisins sem heldur utan um kröfurnar. Við skoðun kom upp dæmi um stóla sem skólinn fékk afhenta fyrri hluta árs 2017, en gjöfin var ekki tekjufærð og stólarnir því ekki skráðir í eignaskrá. Ríkisendurskoðun bendir á að rétt er að tekjufæra gjafir, sem skólanum berast þó ekki sé um peningagjafir að ræða.

### 6.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 417,8 m.kr. sem er hækkun um 20,1 m.kr. frá fyrra ári. Greitt var fyrir 38,2 ársverk miðað við 39,6 ársverk frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld eru stærsti gjaldaliður skólans og voru þau því tekin til frekari skoðunar. Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra eru gott eftirlit með launaútgjöldum og farið er vel yfir mánaðarlega launalista. Æskilegt er að slík yfirferð sé staðfest með dagsetningu og áritun á þá lista sem eru yfirfarnir. Skoðaðar voru allar launahreyfingar starfsmanna á launalista og úrtak valið af handahófi þar sem m.a. var farið yfir ráðningarsamninga, launaseðla og önnur atriði í launavinnslu. Dæmi voru um að afrit ráðningarsamnings væri ekki til staðar við úrtaksskoðun og að samningur var útrunninn.

Ríkisendurskoðun leggur til að haft verði samráð við Fjársýslu ríkisins um innleiðingu viðveruskráningarkerfisins Vinnustundar. Kerfið heldur utan um viðveruskráningu, fjarvistir og skil á upplýsingum til launakerfis. Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt er að allir sem fá greidd laun frá skólanum noti kerfið m.a. til að auka gagnsæki í skráningu á orlofstöku og

annarri fjarveru enda býður Vinnustund upp á ýmsa möguleika til vinnusparnaðar við launaskráningu auk utanumhalds um viðveru og fjarvistarréttindi til starfsmanna.

### 6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 98,1 m.kr. sem er hækkun um 3,4 m.kr. frá fyrra ári. Stærsti gjaldaliður skólans er húsnæðiskostnaður eða 59,2 m.kr., en þar af eru 54,4 m.kr. greiddar Fasteignum ríkisins. Gjöldin eru ýmist færð í gegnum viðskiptaskuldakerfi fjárhagskerfisins, þ.e. rafrænir reikningar, eða beint í gegnum fjárhagskerfið, þ.e. reikningar sem berast á pappír eða þegar greitt er með innkaupakortum skólans.

### 6.4 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á eftirfarandi atriði varðandi rekstrarliði:

- ✓ Ganga þarf frá ráðningarsamningum við þá starfsmenn þar sem samningur er annað hvort útrunninn eða hefur misfarist.
- ✓ Vinnustund eða annað tímaskráningarkerfi er ekki notað við skólann. Bent er á að æskilegt er að sem flestar stofnanir noti slík kerfi, sem hafa reynst vel. Vinnustund býður upp á ýmsa möguleika til vinnusparnaðar við launaskráningu auk utanumhalds um fjarvistarréttindi og viðveru.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2017 námu eignir 75,1 m.kr., skuldir námu 47,9 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 27,2 m.kr. eins og fram kemur í yfirlitstöflu yfir efnahagsliði hér fyrir neðan.

Í þús.kr.	31.12.2017	01.01.2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir	16.591	15.396	1.195
Ríkissjóður v. orlofsskuldbindingar	20.576	20.576	0
Aðrar kröfur	5.002	5.268	-266
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	18.399	0	18.399
Handbært fé	14.502	20.228	-5.726
Eignir alls	75.070	61.468	13.602
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	27.238	8.922	18.316
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	0	12.382	-12.382
Aðrar skuldir	5.133	4.191	942
Ógreitt orlof	25.350	20.576	4.774
Ógreidd laun, leiðrétting	758	0	758
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	16.591	15.396	1.195
Eigið fé og skuldir alls	75.070	61.468	13.602

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

Í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál eru varanlegir rekstrarfjármunir eignfærðir og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma frá og með árinu 2017. Fram til þess tíma höfðu keyptir rekstrarfjármunir verið gjaldfærðir sem eignakaup í rekstrarreikningi. Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið af Fjárslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirliti. Skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnhagsreikning pr. 01.01.2017.

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 16,6 m.kr. í árslok 2017 sem er hækkun um 1,2 m.kr. frá ársbyrjun. Keyptar eignir á árinu námu 5,8 m.kr. og á móti voru afskrifaðar eignir um 4,6 m.kr.

#### 7.1.2 Ríkissjóður v. orlofsskuldbingar

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga er gerð samkvæmt fyrirmælum Fjárslu ríkisins á árinu 2017. Í stofnefnahagsreikningi var breytingin færð á eigið fé en stofnefnahagsreikningur er leiðréttur á árinu eins og fram kemur í yfirlitstöflunni hér að framan.

Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig staðið verður að fjárveitingu til Menntaskólans á Egilsstöðum til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

### 7.1.3 Aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu 5,0 m.kr. í árslok 2017 sem er lækkun um 0,3 m.kr. frá ársbyrjun. Þar af voru 3,9 m.kr. kröfur sem skráðar voru beint í fjárhagsbókhaldið, 0,8 m.kr. kröfur úr tekjubókhaldskerfi ríkisins og 0,3 m.kr. vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts.

### 7.1.4 Handbært fé

Handbært fé nam 14,5 m.kr. í árslok 2017 sem er lækkun um 5,7 m.kr. frá ársbyrjun. Handbært fé samanstendur af þremur bankareikningum sem skráðir eru í bókhaldi skólans. Samræmi var á milli stöðu þeirra í bókhaldi í árslok og staðfesta bankayfirlita. Ríkisendurskoðun bendir á að bankaafstemmingar þarf að undirrita með nafni og dagsetningu. Smásjóður, sem er í umsjá skrifstofustjóra var ekki skráður í bókhald skólans og úr því þarf að bæta.

Við staðfestingu bankareikninga var aflað upplýsinga frá viðskiptabönkum um bankareikninga á kennitölu skólans. Samkvæmt upplýsingum frá bönkum voru fleiri bankareikningar með kennitölu skólans en þeir sem voru skráðir í bókhaldið. Þar af voru tveir bankareikningar sem eru skráðir á kennitölu skólans ekki lengur í notkun. Annar þeirra tilheyrði starfsmannafélagi skólans og upplýsingar vantar um hinn reikninginn, sem hefur ekki skráðan prókúruhafa. Skoða þarf hvort ekki megi loka þessum tveimur reikningum. Einnig voru fjórir bankareikningar samkvæmt upplýsingum frá banka og verðbréfaeign á kennitölu skólans, sem ekki voru skráðir hjá skólanum. Um er að ræða eignir sem tilheyra vörslusjóði samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra. Þessi vörslusjóður hefur eigin kennitölu og staðfesta skipulagsskrá. Færa þarf eignirnar yfir á kennitölu sjóðsins og loka þeim bankareikningum vörslusjóðsins sem eru á kennitölu skólans.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll var jákvæður í árslok 2017 er nam 27,2 sem er hækkun frá ársbyrjun um 18,3 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

### 7.2.2 Ógreidd laun, leiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Leiðrétting vegna ársins 2017, sem var í flestum samningum frá 1. september 2017 til ársloka, var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

### 7.2.3 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslna er einnig nýr skuldaliður, í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt lögum um opinber fjármál að gjaldfæra eigi einungis afskriftir af búnaði

og var það gert árið 2017. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum, svo sem áhöldum og búnaði, gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Fjárheimildir á móti afskriftum eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

### 7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að skoða þarf við eftirfarandi atriði er varða efnahagsreikning Menntaskólans á Egilsstöðum:

- ✓ Tveir bankareikningar sem eru skráðir á kennitölu skólans eru ekki lengur í notkun. Skoða þarf hvort ekki megi loka þessum tveimur reikningum.
- ✓ Loka þarf þeim bankareikningum sem eru á kennitölu skólans en eru í raun eign vörslusjóðs með staðfesta skipulagsskrá og eigin kennitölu. Færa þarf innstæður vörslusjóðsins yfir á bankareikninga með kennitölu sjóðsins.
- ✓ Smásjóður, sem er í umsjá skrifstofustjóra, þarf að vera skráður í bókhald skólans.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af skólameistara og fjármálastjóra Menntaskólans á Egilsstöðum 12. nóvember 2018.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2017 og samkvæmt upplýsingum skólameistara, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum var undirrituð af ríkisendurskoðanda og skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum 2. febrúar 2018

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Menntaskólans á Egilsstöðum.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)